

Starfsreglur stjórnar Reykhóla hses.

Starfsreglur þessar eru settar skv. 8. gr. samþykktar fyrir Reykhóla hses.

Stjórnarfund skal halda svo oft sem þörf krefur. Formaður boðar til stjórnarfundar og sér til þess að aðrir stjórnarmenn séu boðaðir. Stjórnarfund skal og jafnan halda ef einhver stjórnarmanna krefst þess.

Sveitarstjóri á sæti á fundum stjórnarinnar og hefur þar umræðu- og tillögurétt, nema stjórnin ákveði annað í einstökum tilfellum.

Stjórnin getur heimilað öðrum starfsmönnum að sitja stjórnarfundum.

Boða skal til stjórnarfunda með minnst tveggja daga fyrirvara. Boða má til fundar með skemmri fyrirvara ef sérstakar ástæður gera það nauðsynlegt. Hægt er að boða til síma- eða netfundar um einstök málefni sem nauðsynlegt er að hljóti umfjöllun strax. Stjórnin er ákvörðunarbær þegar meirihluti stjórnarmanna sækir fund. Mikilvæga ákvörðun má þó ekki taka til afgreiðslu nema að allir stjórnarmenn hafi kost á því að fjalla um málið.

Formaður stjórnar fundum stjórnar.

Afl atkvæða ræður afgreiðslu mála á stjórnarfundum.

Stjórnarlaun eru greidd og fer eftir þingfaralaunum, 1% fyrir nefndarmann og 2% fyrir formann.

Samþykkt á Reykhólum 12. ágúst 2020

Stjórn Reykhóla hses.